

Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings Faxaflóahafna sf. 2015

Inngangur

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2015 var betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Tekjur voru alls 277,0 mkr. umfram áætlun, sem er um 9,3% en rekstrarútgjöld voru 67,1 mkr. undir áætluðum útgjöldum. Auknar tekjur skiluðu sér aðallega vegna aukins innflutnings en einnig voru aflagjöld nokkru hærrí en ráð var fyrir gert. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði varð því meiri en áætlað hafði verið eða sem nemur 619,4 mkr.

Vegna sölu á landi í Gufunesi, Geldinganesi og Eiðsvík til Reykjavíkurborgar varð hagnaður ársins talsvert hærrí en ráðgert hafði verið, eða 964,0 mkr.

Þegar á heildina er litið er afkoma Faxaflóahafna sf. vel viðunandi og í aðalatriðum nokkru betri en sú fjárhagsáætlun sem lagt var upp með. Hér að neðan má sjá nokkrar kennitölur sem sýna að staða félagsins er góð, sem er mikilvægt, enda væntingar til staðar um úrlausn fjárfrekra verkefna á næstu árum í Sundahöfn, á Grundartanga og á Akranesi.

Faxaflóahafnir	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	82,7%	84,8%	86,4%	89,3%	90,3%
Arðsemi eigin fjár	2,3%	3,4%	5,4%	5,7%	8,2%
Veltufjárlutfall	2,02	1,79	2	3,34	4,65
Skuldsetningarhlutfall	15,1%	12,7%	10,4%	8,1%	7,0%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1
Skuldahlutfall skv. Sveitast.lögum	91,2%	71,6%	62,8%	46,3%	42,5%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	42,8%	39,8%	46,6%	44,4%	43,6%
Framlegð/rekstrartekjur	45,0%	45,8%	47,2%	46,2%	43,6%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2015 voru 3.168.044 þ.kr. sem er 5,8% hækkun reglulegra tekna á milli áráanna 2014 og 2015. Hækkunin á milli ára (án söluhagnaðar eigna) nemur 172,8 mkr. Þetta árið reyndust allir tekjuliðir ársins yfir því sem áætlað var, nema skipagjöld sem voru nánast á áætlun. Hækkun vörugjalda er um 11% á milli ára og skýrist af auknum innflutningi og auknu magni varnings sem fer í hæsta gjaldflokk. Tekjuauki af vörugjöldum skilaði hlutfallslega samsvarandi hækkun tekna af siglingavernd. Þá voru tekjur af aflagjöldum nokkru hærrí en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun, sem skýrist helst af herra afurðaverði, en í magni er ekki um að ræða aukningu á lönduðum afla. Þá voru eignatekjur og tekjur af hafnarþjónustu umfram áætlun. Tekjur í samanburði við fjárhagsáætlun voru samkvæmt neðangreindri töflu:

Í þús kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	%
Vörugjöld	1.107.693	980.938	126.755	12,9%
Aflagjöld	253.204	190.000	63.204	33,3%
Skipagjöld	291.146	293.292	-2.146	-0,7%
Eignatekjur	797.369	770.518	26.851	3,5%
Hafnarþjónusta	453.615	431.359	22.256	5,2%
Siglingavernd	258.242	224.930	33.312	14,8%
Söluhagnaður o.fl.	6.776	0	6.776	12,9%
Alls:	3.168.044	2.891.037	277.007	9,6%

Þróun heildartekna og vörugjalda á síðustu árum hefur verið eftirfarandi sbr. neðangreinda töflu:

Í millj. kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heildartekjur	2.317,8	2.450,9	2.731,1	2.842,9	3.048,7	3.168,0
Vörugjöld	745,2	782,1	867,9	959,1	998,1	1.107,7

Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2015 voru 2.548.694 þ.kr. og hækka að krónutölu á milli ára um 144,3 mkr. eða um 6,0%. Rekstrargjöld voru hins vegar 67,1 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 2,6%.

Í þús kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	%
Hafnarvirki	488.541	508.639	-20.098	-4,0%
Eignagjöld	334.106	371.457	-37.351	-10,1%
Hafnarþjónusta	439.280	437.769	1.511	0,3%
Skrifstofu & stjórn.k.	303.441	312.793	-9.352	-3,0%
Siglingavernd	222.065	195.127	26.938	13,8%
Afskriftir	761.260	790.000	-28.740	-3,6%
Alls:	2.548.694	2.615.785	-67.091	-2,6%

Hafnarvirki og eignagjöld voru undir áætlun, sem skýrist aðallega af stöðu sérgreindra viðhaldsverkefna. Útgjöld vegna hafnarmannvirkja hækkuðu á milli árunna 2014 og 2015, en voru eftir sem áður undir fjárhagsáætlun, en útgjöld vegna eigna voru svipuð og árið 2014. Rekstur hafnarþjónustu var í samræmi við fjárhagsáætlun, en aukinn kostnaður á milli ára skýrist m.a. af hækkingu launa en aðallega af viðhaldi þeirra fjögurra dráttarbáta sem höfnin á og rekur. Skrifstofukostnaður var undir áætlun, en kostnaður við siglingavernd um 27,0 mkr. yfir áætlun. Sífelld auknar kröfur um búnað vegna hafnarverndar munu auka kostnað við þennan lið á komandi árum auk þess sem komið er að endurnýjun búnaðar, sem settur var upp í árdaga ISPS reglna árið 2004. Í lok árs lágu fyrir kjarasamningar við stéttarfélag starfsmanna Faxaflóahafna sf. sem gilda frá maímánuði 2015. Þróun launakostnaðar með launategndum gjöldum frá árinu 2010 er eftirfarandi:

Í þús kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Bækistöð	93.750	98.204	99.877	104.713	112.269	117.615
Húseignir	16.285	17.522	18.052	18.687	19.936	21.859
Hafnsaga	103.249	99.379	96.398	105.717	121.375	129.276
Hafnarþjónusta	215.588	225.473	245.917	261.011	275.117	321.199
Hafnarstjórn	13.061	14.120	15.689	16.371	16.673	17.950
Skrifstofa	134.928	144.483	149.714	156.839	166.428	178.304
Samtals:	576.861	599.181	625.647	663.338	711.798	786.203

Í heildina var rekstur Faxaflóahafna sf. innan þess ramma sem settur var í fjárhagsáætlun ársins. Meginmarkmið viðhaldsframkvæmda náðust bæði hvað varðar hafnarmannvirkin og eignir. Lægri færsla vegna afskrifta skýrist hins vegar af því að eignfærsla vegna nýs bakka utan Klepps og vegagerð á Grundartanga varð minni en ráð hafði verið gert fyrir. Áhersla hefur verið lögð á það á síðustu árum

að halda umfangi stöðugilda óbreyttum. Sú breyting varð þó á að á miðju ári var slitið samningi um Öryggisgæslu á Grundartanga og starfsmenn sem henni sinna ráðnir beint til Faxaflóahafna sf. Sú aðgerð tryggir betur en áður að ekki verði röskun á starfsemi hafnarinnar vegna vinnudeilna, en á miðju ári leit út fyrir að vinnudeilur myndu raska umferð um svæðið.

Próun starfa hjá Faxaflóahöfnum sf. hefur verið eftirfarandi:

Störf	2011	2012	2013	2014	2015
Hafnarþjónusta	31	32	32	32	32
Bækistöð	13	13	13	13	13
Tæknideild	3	3	3	3	3
Skrifstofa	12	12	12	13	12
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	1	1	1	1	5
Alls	62	63	63	64	67

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 4 starfsmenn eru í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði. Heildarársverk eru metin 74.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnskostnaður Faxaflóahafna sf. var undir áætlun, eða um 27,9 mkr. og vaxtatekjur hærri en gert var ráð fyrir vegna stöðu handbærs fjár, en vaxtagjöld og verðbætur nokkru undir áætlun. Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur 12,8 mkr. undir áætlun vegna lágrar verbólgu og lækkandi langtímalána Faxaflóahafna sf. Áhætta Faxaflóahafna sf. af gengissveiflum er engin þar sem fyrirtækið er ekki með nein erlend lán.

Sjóðsstýring Faxaflóahafna sf. hefur miðast við áhættulausa geymslu fjármuna, þ.e. samningum við banka um vexti af inneignum og bindingu fjár til skemmri tíma.

Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 619,4 mkr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og hagnaðar vegna sölu á landi verður hagnaður ársins 964,0 mkr.

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir voru í árslok 11,8 Ma.kr. og eru nánast óbreyttir á milli ára. Langtímakröfur hækka allnokkuð á milli ára vegna úthlutana lóða, en hluti lóðarverðs er greiddur með skuldabréfi. Veltufjármunir hækka á milli ára um 644,8 mkr. Eignir voru í árslok samtals 13,9 Ma.kr. og aukast um 5,5% á milli ára.

Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 881,6 mkr. og lækka um 77,2 mkr. Skammtímaskuldir eru nánast óbreyttar á milli ára og nema þær um áramót um 14,5% af heildartekjum, en á móti kemur að veltufjármunir til að mæta skammtímaskuldum eru um 2,2 Ma. kr. og því talsvert hærri en skammtímaskuldir. Skuldir alls voru í árslok 1.347,0 mkr. en voru í árslok 2014 alls 1.412,5 mkr. Lækkun á milli ára er 65,5 mkr.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 478 mkr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur þyngst sala lands til Reykjavíkurborgar, en einnig jákvæð afkoma rekstrar og auknar tekjur af úthlutun lóða. Að teknu tilliti til fjárfestingarhreyfinga hækkaði handbært fé um 892,6 mkr. og var í árslok 1,7 Ma.kr. Vegna verkefna á árinu 2015 er gert ráð fyrir að staða handbærs fjár lækki. Greiddur arður til eigenda var 173,0 mkr. og greiddar afborganir langtímalána 158,1 mkr.

Fjárfestingarhreyfingar

Eignfærð fjárfesting á árinu 2015 nam 931,8 mkr. Skipting framkvæmdakostnaðar ársins 2015 eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi í millj. kr.:

	m.kr.	%
Gamla höfnin	127,9	13,7%
Sundahöfn	397,9	42,7%
Grundartangi	331,4	35,6%
Akranes og Borgarnes	49,7	5,3%
Annað	24,8	2,7%
Alls:	931,8	100,0%

Þegar fjárfestingar Faxaflóahafna sf. árin 2012 – 2015 eru skoðaðar lítur myndin svona út í millj. króna:

Í millj. kr.	2012	2013	2014	2015	Alls
Gamla höfnin	134,3	269,6	221,2	127,9	753,0
Sundahöfn	750,9	309,9	283,0	397,9	1.741,7
Grundartangi	168,0	257,7	430,6	331,4	1.187,7
Akranes	14,5	1,3	49,2	32,6	97,6
Borgarnes	0,0	0,0	0,6	17,1	17,7
Annað	12,3	30,4	29,7	24,8	97,2
Alls	1.080,0	868,9	1.014,3	931,7	3.894,9
Alls á verðlagi 2015	1.197,8	933,0	1.075,6	931,7	4.138,1

Helstu verkefni voru eftirfarandi:

- ☼ **Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var sett niður ný flotbryggja í Vesturbugt. Lokið var frágangi húsnæðis í Bakkaskemmu fyrir Sjávarklasann og gengið frá umhverfi húss og götu.
- ☼ **Í Sundahöfn** var unnið að undirbúningi nýs hafnarbakka utan Klepps. Meginþungi verkefnisins fellur til á árunum 2016 til 2018. Reiknað hafði verið með að framkvæmdir við verkefnið gengi hraðar á árinu 2015, en hluti verkefnanna flyst yfir á árið 2016. Unnið var að lagningu rafdreifikerfis í Skarfabakka og settar niður stormbindingar fyrir stærri skip. Þá var lögð ný gata inn á þróunarsvæðið utan Klepps.
- ☼ **Á Grundartanga** var unnið að lokaframkvæmdum við lengingu Tangabakka, en því verkefni lýkur formlega á árinu 2016. Slitlag var endurnýjað á hluta Tangabakka og unnið að þróun

lóða. Ráðgert var að fara í framkvæmdir við vegagerð vegna lóðar Silicor, en framkvæmdir bíða endanlegrar fjármögnunar verkefnisins og fleiri atriða.

- ✿ **Á Akranesi** var keypt ný flotbryggja, sem ætlað er að þjóna ferðaþjónustubátum.
- ✿ **Í Borgarnesi** var unnið að hreinsun viðlegumannvirkja og keypt flotbryggja til niðursetningar á árinu 2016.

Niðurlag

Rekstur Faxaflóahafna sf. var vel viðunandi á árinu 2015. Tekjur voru yfir áætlun og rekstrargjöld innan þess ramma sem settur var. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er sterk og það vel í stakk búið til að glíma við fjárfrek verkefni á komandi árum, en hafa ber í huga að í gangi er stórt verkefni í Sundahöfn og framundan stór verkefni á Grundartanga og á Akranesi. Ásókn í lóðir á hafnarsvæðum fyrirtækisins hafa vaxið verulega og nú svo komið að nánast öllum lóðum hefur verið úthlutað í Gömlu höfninni og í Sundahöfn. Með hliðsjón af aukningu í flutningum er ljóst að horfa þarf til framtíðar við lóðagerð og lóðanýtingu og uppbyggingu hafnarsvæða Faxaflóahafna sf. Sundahöfn er og verður áfram næstu áratugi megingátt í flutningum til og frá landinu og því er mikilvægt að hafnarsvæðið geti áfram um ókomna tíð verið jafnmikilvæg í efnahag og atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins. Á öllum svæðum Faxaflóahafna sf. verða til störf sem tengjast starfsemi hafnanna og því mikilvægt að þar verði landsvæði til þróunar. Augljóst er að uppbygging hafna og hafnarsvæða hefur í för með sér áhrif á umhverfi. Það er hins vegar stefna Faxaflóahafna sf. að framkvæmdir og uppbygging gerist á þann hátt að umhverfisáhrif verði í lágmarki og horft verði til starfsemi sem geti lifað í sátt við umhverfið. Á grundvelli þess ársreiknings sem nú er birtur fyrir árið 2015 er ljóst að Faxaflóahafnir sf. hafa slagkraft til þess að koma stórum verkefnum áfram hægt og bítandi á þeirri forsendu að styðja við þróun atvinnulífs, um leið og gætt er að nánasta umhverfi.

Reykjavík, 23. febrúar 2016
Gísli Gíslason, hafnarstjóri